

38. Selfossvirkjun



Ráðgert var að stífla Ölfusá neðst við Selfoss. Stöðvarhúsið er sett í vestari bakka árinna í sjálfa stífluna. Grunnvatnsborð myndi hækka allverulega. Þegar þessi áætlun var skoðuð var lítil byggð á svæðinu, aðstæður hafa því breyst töluvert og yrði því að endurskoða útfærslu hennar. 132 kV háspennulína liggur rétt fyrir norðan byggðarlagið. Áætlanir eru komnar til ára sinna og því ber að taka kostnaðartölur með fyrirvara. Virkjunin nyti mikils jafns rennslis og miðlunar frá Sogsvirkjunum (meðalrennslis 110 m³/s). Með miðlun ofar í farvegi Hvítár, myndi orkugetan aukast og hagkvæmin þar með.